

Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Mánudaginn 12. júní, kl. 9:00 hjá Vinnuálfstofnun Kringlunni 1

Mættar: Helga Tryggvadóttir, Helga Lind Hjartardóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Margrét Arnardóttir var á Skype.

1. Kynning á nýrri stjórn: Ný stjórn skipti á milli sín verkefnum. Ingibjörg verður áfram formaður, Hildur Katrín er gjaldkeri, Helga Lind sér um félagatalið, Systa verður vefstjóri og tengiliður stjórnar í upplýsinga- og kynningarmálanefnd og Svanhildur ritari.
2. Málefni líðandi stundar
 - a. Stefnumótunarmál, myndun starfshóps. Ingibjörg sagði frá því er hún, Guðrún Birna og Helga Tryggvad. hittu Þorstein Víglundsson félags- og jafnréttisráðherra. Hann tók vel á móti þeim og var búinn að kynna sér málið. Hann tók undir að það þyrfti að vera stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Hann og Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðherra munu ræðast til að fara yfir þessi mál. Þörf er á að mynda starfshóp um stefnumótun innan FNS, Ingibjörg, Helga Tryggva, Guðrún Birna og Soffía Valdimars haldi áfram í hópnum, Ragnhildur Ísleifs vill einng taka þátt. Gott væri að heyra frá þeim félagsmönnum sem komu að vinnu við að lögvernda starfsheitið. Nýta þá reynslu sem er til í félaginu.
 - b. Stéttarfélagsmál / sbr. Fundargerð aðalfundar FNS 2017.
 - c. Rætt var um markþjálfun innan skólanna og hvernig við ættum að bregðast við því. Stjórn FNS sammála því að þetta væri ekki áhyggjuefni. Betra væri að auglýsa betur hvað við erum að gera í stað þess að fara í vörn. Við þurfum að markaðssetja okkur betur og styrkja ímyndina, fá fagmanneskju til þess. Láta vita í hverju við erum góð og við hvað við störfum. Systa gengur í málið.
 - d. Dagur náms- og starfsráðgjafa 2017 / námskeið. Hollensku hjónin sem við kynntumst í Madrid koma í haust. Þau koma 26. og 27. október og það verður þá dagarnir okkar og lýkur þeim með smá árshátíð.
3. Fundur fagfélaga í KÍ: Formaður var boðaður á fund framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ og faggreinafélaga og fór Helga Tryggva á fundinn í stað Ingibjargar.
<http://ki.is/skolamal/starfid/radstefnur-og-fundir#fundur-framkv%C3%A6mdastj%C3%B3rnar-sk%C3%B3lam%C3%A1lar%C3%A1s-k%C3%AD-og-formanna-faggreinaf%C3%A9lag-kennara-18-ma%C3%AD-2017>
4. Fjármál: í byrjun nýs starfsárs þurfum við að ákveða fjármagn á nefndir, sérstaklega fræðslunefnd. Þetta er gert til að fræðslunefnd þurfi ekki alltaf að sækja um fjárveitingu.
5. Fundur með fræðslunefnd 13. júní. Efni ekki á dagskrá.

Næsti fundur 11. ágúst kl. 9:00 – 11:00

Fundarslit, boðið var upp á léttar veitingar á fundinum

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir